



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík

Reykjavík, 24.3.2020

**Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Mál nr. 74/2021.**

Alþýðusamband Íslands telur það ekki þjóna hagsmunum neytenda að breyta reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli á þann veg sem viðkomandi drög fela í sér. Í drögnum eru lagðar til breytingar sem auka svigrúm söluaðila með þeim hætti að þeim gefst kostur á að koma lögbundnum upplýsingum á framfæri með tæknilegum lausnum sem samkvæmt drögnum eiga að tryggja að lögboðnar upplýsingar séu tiltækar og auðveldlega aðgengilegar. Þá segir að með tæknilausnum sé átt við að vöruupplýsingar forpakkaðra matvæla séu aðgengilegar með strikamerki eða QR kóða sem unnt er að lesa af með smáforriti.

Lögboðnar upplýsingar á matvælum hafa veigamiklu hlutverki að gegna við að upplýsa neytendur um gerð, eðli, eiginleika og gæði vöru og eru grunnforsenda þess að neytendur geti tekið upplýsta ákvörðun um kaup á matvöru. Með því að auka svigrúm söluaðila til að koma lögboðnum grunnupplýsingum um matvöru á framfæri með öðrum hætti en með merkingum á sjálfum vörunum eða við þær, er verið að skerða aðgengi neytenda að og gera þeim erfiðara fyrir að afla sér nauðsynlegra upplýsinga um matvörur sem mun draga úr möguleikum almennings til að taka upplýsta ákvörðun um kaup á matvöru.

Matarinnkaup eru þess eðlis að neytendur staldra ekki lengi við hverja vöru og hafa ekki tíma né svigrúm til að fletta upp upplýsingum um þær. Tæknilausnir eins og þær sem eru lagðar til í viðkomandi drögum eru því ekki auðveldlega aðgengilegar eins og fram kemur í drögnum heldur eru þær til þess fallnar að skerða aðgengi neytenda að upplýsingum um matvæli í verslunum.

Viðkomandi tillögur að breytingum á reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli draga því úr neytendavernd og það aukna hagræði sem felst í breytingunum fyrir söluaðila kemur fram í auknu óhagræði fyrir neytendur sem þurfa að velja á milli þess að eyða tíma í að nálgast grunnupplýsingar um matvöru og að kaupa matvöru án þess að leita upplýsinga um hana og lenda mögulega í að kaupa vöru sem þeir hefðu ekki keypt hefðu þeir haft upplýsingarnar fyrir framan sig. Í breytingunum felst því ekki einungis aukið óhagræði fyrir neytendur heldur minnkaður neytendaábati af viðskiptum þeirra við seljendur.

Að mati Alþýðusambands Íslands er verið að taka minni hagsmuni fram yfir meiri og hagsmuni söluaðila fram yfir hagsmuni neytenda og leggst Alþýðusamband Íslands því gegn fyrirhuguðum breytingum á reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Virðingarfyllt,

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Auður Alfa Ólafsdóttir